



Bókhaldsforritið Navision og stafatöflur

Einar Hrafnkell Haraldsson

Greinargerð EHH-97-03



Bókhaldsforritið Navision og stafatöflur

Forritið Navision Financials er bókhaldsforrit, sem Orkustofnun hefur hugleitt að taka í notkun. Seljandi forritsins hér á landi er fyrirtækið Strengur.

Uppsetning á forritinu hjá Orkustofnun verði þannig að miðlarinn keyri á fötu og biðlarar, sem keyri í Windows umhverfinu annað hvort beint á PC tölvu eða í NTrigue hjá þeim, sem eru með X-skjái.

Biðlarahluti forritsins er Windows forrit, sem hefur að sögn Strengs verið skrifað frá grunni sem 32 bita forrit með notendaviðmót, sem er að fullu samhæft viðmiðunarreglum Windows 95 stýrikerfisins. Sérstaklega er tekið fram að forritið sé ekki Windows skel ofna á DOS hugbúnað.

Gagnagrunnurinn í Navision notar ákveðna stafatöflu (codepage), sem er númer 850. Æskilegast hefði verið að stafataflan ISO8859-1, sem er ráðandi í bæði í UNIX og Windows tölvuumhverfi Orkustofnunar væri notuð. Stafataflan 850 úr DOS umhverfinu hefur ekki verið notuð hjá Orkustofnun áður. Stafataflan, sem er notuð í DOS umhverfi á tölvum Orkustofnunar er 861, sem er viðtekin venja á Íslandi.

Fyrir Windows umhverfið þarf ákveðin stafatafla að vera valin fyrir DOS forrit sem sjálfgefin stafatafla og er hún númer 861 í PC tölvum Orkustofnunar. Samkvæmt upplýsingum frá Streng, þá krefst forritið Navision þess að tölvur, sem keyra biðlara séu með stafatöflu 850. Mjög óvenjulegt er að Windows forrit geri ákveðnar kröfur um sjálfgefna stafatöflu í víkjandi DOS umhverfi eins og Navision gerir.

Ef ákvörðun verður tekin um að taka Navision í notkun, þá má búast við nokkurri vinnu við að breyta tölvukerfinu. Tveir stærstu þættirnir snerta skráarnöfn með séríslenskum stöfum og textaskrár í DOS umhverfinu með íslenskum stöfum. Eitthvað af þeirri vinnu er hægt að sjá fyrir en ljóst er að einhver hali verður af vandamálum, sem ekki sjást fyrirfram.

Fyrir breytingu þarf að skipta út öllum séríslenskum stöfum í öllum skráarnöfnum í skráarkerfi PC tölvunnar. Einfaldast er að vera með kerfi, sem setur t.d. “d” í stað “ð” og svo framvegis. Ekki er ljóst hvort Strengur hefur forrit eða skipanaskrár, sem geta gert þetta. Ef svo er ekki, þá þarf annað hvort að gera þetta handvirkt, skrifa forrit til að gera þetta eða finna einhverja aðra leið til þess að skipta um skráarnöfn. Tíminn, sem fer í þetta er háður hvaða aðferð þarf að beita.

Þegar búið verður að breyta skráarnöfnum, þá þarf að skipta um sjálfgefna stafatöflu í Windows. Það tekur á að giska um 30 – 60 mínútur fyrir hverja tölvu.

Breyta þarf DOS textaskrár, sem eru í stafatöflu 861. Forrit eru til hjá Orkustofnun, sem gera þetta og hafa starfsmenn Orkustofnunar þurft að gera þetta af og til og eru margir handgengnir þeim til dæmis iso2pc861 og varpa. Ekki er ástæða til að breyta þessum skrár fyrr en þarf að nota þær. Þetta mun til dæmis koma fram, þegar “MS-DOS text” er tekinn inn í t.d. Word því Word gerir ráð fyrir að stafataflan fyrir slíkan texta sé sjálfgefna stafataflan fyrir DOS umhverfið.

Sú krafa að skipta um sjálfgefna stafatöflu úr 861 í stafatöflu 850 hefur viðtæk áhrif. Aðalafleiðingarnar verða að sá hluti tölvukerfisins, sem tengist PC tölvum verður á skjön við önnur

PC tölvukerfi hérlendis. Þetta kæmi ekki að sök ef tölvukerfi Orkustofnunar væri einangrað og lítil sem engin samskipti væru við aðra aðila utan húss en svo er ekki. Þetta mun hafa áhrif á snertifleti tölvukerfis Orkustofnunar út á við. Líklega verða samskiptaörðugleikar á milli tölva starfsmanna heima hjá þeim og í vinnunni. Jafnvel þurfa þeir að gera þessar breytingar heima hjá sér og þá þyrfti að aðstoða þá við það.

Við breytingu sem þessa þurfa til dæmis starfsmenn Orkustofnunar, sem fara með skjöl út úr húsi á disklingum að gæta sín á mismunandi stafatöflum varðandi skráarnöfn. Ljóst er að tími fer í sinna slíkum málum og veita ráðgjöf við það.

Af umræðum, sem fram fóru á 61. fundi Tölvunefndar Orkustofnunar þann 12. desember síðastliðinn kom fram að nefndin telur að breyting sem þessi sé ekki eftirsóknarverð vegna hinna mörgu hliðarverkana og vandamála, sem þarf að leysa þótt hún sé tæknilega framkvæmanleg. Fram kom að stjórnendur Orkustofnunar þurfi að gera sér grein fyrir því að tímafrekt og dýrt verður að koma þessum breytingum í framkvæmd ef tekin verður ákvörðun um að taka forritið Navision í notkun hjá Orkustofnun, og slóð óþæginda í kjölfarið gæti orðið langur.